

**Nr. 042 /13 Þórsnes II SH 209****Vélarvana og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 1424 IMO nr. 7406356  
Smíðaður: Akureyri 1975 stál  
Stærð: 146 brl. 233 bt.  
Mesta lengd: 31,4 m Skráð lengd: 28,2 m  
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,6 m  
Vél: MWM 563 kW 1974  
Fjöldi skipverja: 9



Þórsnes II ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 11. maí 2013 var Þórsnes II SH 209 á krabbaveiðum á Breiðafirði. Veður: SV 3 m/sek.

Þegar Þórsnes II var stutt um þrjár sml. VNV af Flatey vestur af Kirkjuskeri sagðist vélstjóri verða að stöðva vélina vegna alvarlegrar bilunar. Skipstjóri bað um að vélin væri látin ganga nokkrum mínútum lengur til að komast út af grynningarsvæði. Síðan var vélin stöðvuð og sett út akkeri. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og varðskip sem var skammt undan dró Þórsnes II til Grundarfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að orsök bilunarinnar var að undirlyfta á einum strokknum bilaði og voru varahlutir ekki um borð.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.